

Birna Ketilsdóttir
Vesturgata 27
101 Reykjavík
birnaschram@gmail.com

Reykjavík, miðvikudagur, 10. mars 2022
UST202203-062/G.G.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til myndatöku - friðlýst svæði á Suðurlandi

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn 66° Norður, dagsett 2. mars 2022, um leyfi til drónaflugs og kvikmyndatöku innan friðlandsins Dyrhólaeyjar og náttúruvættisins Skógafoss.

Dyrhólaey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 101/1978. Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun er notkun dróna óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Einnig skal leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna viðburða og verkefna, þ.m.t. vegna kvikmyndagerðar.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 477/1987. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun náttúruvættisins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku og drónaflugs í Dyrhólaey og við Skógafoss. Upplýsingar um flugleið drónans og flughæð fylgdu með umsókn. Ekki þarf að takmarka umferð gesta um svæðin. Tökurnar færu fram dagana 10 – 13. mars 2022. Að tókunum koma tveir starfsmenn.

Áhrifamat:

Kvikmyndatakan mun að öllum líkindum ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi friðlýstu svæðanna en mun að öllum líkindum hafa tímabundin neikvæð áhrif á gesti þeirra.

Ekki skal fljúga dróna inn í gilið við Skógafoss þar sem líklegt er að fyll sé í bjarginu. Starfsmenn skulu vera í merktum fatnaði.

Afurð myndatökunnar skal ekki vera þannig úr garði gerð að hún hvetji til neikvæðrar ferðahegðunar á friðlýstu svæðunum t.d. með því að sýna fólk á bjargbrún eða við annars konar athafnir sem geta haft neikvæð áhrif á gróður eða dýralíf en einnig stefnt öryggi gesta í hættu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir 66° Norður fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi og myndatöku innan Dyrhólaeyjar og við Skógafoss sbr. lýsingu hér að ofan dagana 10 – 13. mars 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- **Vegna lífríkisverndar er óheimilt að fljúga inn í gilið við Skógafoss.**

- **Óheimilt er að fljúga innan 200 metra fjarlægðar frá fuglabjörgum á varptíma. Utan varptíma er óheimilt að fljúga nær fuglabjörgum en 50 metra ef fugl er í bjarginu.**

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Hákon Ásgeirsson
teymisstjóri

Guðbjörg Gunnarsdóttir
sérfræðingur